



Hafnarfjörður
19.07.2016

Berist til: Vigfúsar Hallgrímssonar, Þróunarfulltrúa grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar

Efni: Beiðni um undanþágu er varðar útfærslu á sundkennslu við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði hefur verið starfræktur í bæjarfélaginu frá árinu 2007 og hefur sundkennsla ávallt verið á stundarskrá nemenda þann tíma eins og lög gera ráð fyrir. Framkvæmd kennslunnar hefur farið fram í lotum/námskeiðum þar sem kenndar eru 20 stundir fyrir eða eftir áramót fyrir hvern hóp. Því miður höfum við ekki getað fengið frekari úthlutanir á tímum í sundlaugum bæjarins og því höfum við sett sundkennsluna upp með þessum hætti.

Er því óskað eftir undanþágu og samþykki fyrir því að sundið verði kennt áfram í lotum/námskeiðum í stað þess að hafa fastan einn sundtíma á viku.

Í kafla 23.3 í aðalnámskrá grunnskóla segir eftirfarandi:

„Í skólasundi er miðað við að nemendur fái a.m.k. einn sundtíma í stundaskrá skóla í hverri viku skólaársins. Þar sem slíku skipulagi verður ekki komið við skal kenna skólasund á árlegum námskeiðum. Á slíkum námskeiðum skal hver nemandi fá að lágmarki 20 kennslustundir. Þær stundir, sem eftir standa, skal nýta til skólaþróttá.“

Hvað varðar skipulag sundkennslunnar í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er þessum viðmiðunum náð og því óskað eftir því að framhald á því verði með veittri undanþágu til skólans.

Enn fremur kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla að ekki sé æskilegt að nemendur sem eru undir 10 ára aldri séu fleiri en 15 í hverjum sundtíma og færri ef aðstæður eru þess eðlis. Í kafla 23.3 segir :

„Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skal skipulag sundkennslunnar miðast við að 15 nemendur séu að jafnaði í hverjum sundtíma. Til að tryggja öryggi nemenda í kennslustundum og tryggja að markmiðum kennslunnar verði náð skulu nemendur ekki vera fleiri en 15 þegar þeir eru 10 ára og yngri eða ósyndir. Í skipulagi sundkennslu þarf einnig að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem fyrir hendi er, s.s. stærðar laugar og búningsaðstöðu.“

Hefur útfærsla sundkennslunnar miðast við áður nefnda grein 23.3. í Aðalnámskrá grunnskólanna þar sem miðað er við að nemendur séu eigi fleiri en 15 í einu. Er þá horft út frá þeirri aðstöðu sem í boði er í Suðurbæjarlaug Hafnarfjarðar, öryggi barnanna og gæði sundkennslunnar. Með þeim hætti hefur markmiðum sundkennslunnar verið náð öll þau ár sem skólin hefur verið starfræktur.

Til viðbótar við loturnar/námskeiðin hefur 4. bekkur ætíð fengið uppbótartíma sem eru 8-10 vikur og þá einu sinni í viku. Er það umfram þá 20 tíma sem áður eru nefndir.

Sundkennslunni hefur því verið fylgt eftir út frá áðurnefndum greinum sem koma fram í Aðalnámskrá grunnskólanna.

Er það því einlæg ósk okkar að undanþága þessi verði tekin fyrir og horft út frá áðurnefndum rökstuðningi og greinum er Aðalnámskrá grunnskólanna segir til um.

Virðingafyllt

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir
Skólastýra Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði